

Sway – Office 365

<https://www.microsoft.com/is-is/>

Í forritinu Sway frá Microsoft er hægt að miðla upplýsingum á lifandi og skemmtilegan hátt og deila með öðrum.

Skýrslur

Kynningar

Fréttabréf

Persónulegar frásagnir

Hægt er að blanda saman texta, myndum, myndskleiðum o.fl. á einfaldan hátt.

Forritið er þægilegt í notkun og auðvelt er að deila upplýsingunum þar sem allt sem gert er er geymt í skýinu.



Ljúkið við verkið á nokkrum mínútum

- Með Sway getið þið hratt og örugglega búið til og deilt
 - glæsilegum, gagnvirkum skýrslum
 - kynningum
 - frásögnum o.fl.
- Þið setjið inn efnið– Sway sér um afganginn
- Þið þurfið engar áhyggjur að hafa af útliti skjalanna – innbyggða hönnunarvél in Sway sér um það.
- Ef fyrsta hönnunin hentar ykkur ekki getið þið notað eiginleikann „Endurhanna“ til að skoða aðrar útgáfur eða sérstilla útlitið eftir eigin höfði.

Sjáið tillögur í leitarniðurstöðum sem byggja á ykkar efni

- Sway stingur upp á leitarorðum sem hjálpa ykkur að finna myndir, myndbönd, Twitter-færslur og fleira sem þið dragið beint inn í skjalið.
- Þið þurfið ekki lengur að hoppa á milli forrita og vefsíðna til að finna það sem ykkur vantar.

Deilið á einfaldan hátt með því að senda tengil

- Að deila Sway-skjali með öðrum er leikur einn.
- Fjölskyldan, vinir, bekkjarfélagar og vinnufélagar geta skoðað sköpunarverkið ykkar á Netinu án þess að skrá sig inn eða sækja sérstakan hugbúnað.

Og þið hafið fulla stjórn á því hver fær aðgang!

Verkefni 1 01Eldfjöll


Opnið **Sway.com** Vinnið verkefnið Eldfjöll (eða eitthvert annað verkefni). Verkefnið þarf ekki að líta nákvæmlega eins út og hér er sýnt.

All Sways (Öll skjöl)


Veljið: **Create New** (Búa til nýtt)

• **Create New** (Búa til nýtt)

• **Import** (Flytja inn; Word, PowerPoint, PDF)



Cards (Spjöld)



Fókuspunktur


Smellið á mikilvæga hluta myndarinnar til að Sway geti staðsett myndina.

Einnig er hægt að haka við:

Myndin í heild sinni er mikilvæg.


Text

Skrifið texta um eldfjöll eins og sýnt er hér fyrir neðan og setjið tengla (Link) í texta ([Hekla](#), [Krafla](#) og [Grímsvötn](#)).
Finnið texta t.d. á Wikipedia.



Heading


Setjið fyrirsögn (Fjöll) þar fyrir neðan og mynd af fjalli.



Sway velur það útlit sem hentar best tækinu sem þið notið og í ykkar stíl.




Media (Miðlunarefni)



Picture

Skrifið leitarorð á ensku (Volcanoes in Iceland) til að finna viðeigandi myndir. Dragið nokkrar myndir (4–6) til hægri inn í Sway-skjalið.



Video (Myndband)

Setjið inn myndband.

Smellið á **Add a video** (Bæta myndbandi við).



Skrifið leitarorð (Volcanoes in Iceland) og dragið myndbandið yfir í Sway-skjalið.

Skrifið texta í **Caption** til útskýringar (valkvætt).

Myndbönd eru táknuð með



Tweet (Twitter-færsla)

Hér er hægt að bæta Twitter-færslu við Sway-skjalið



Embed (Fella inn)

Hér er hægt að fella inn gröf, kort, hljóðbúta, myndbönd og fleira.

Tap here and paste your embed code

(Píkkið hér og límið innfellingarkóðann þinn ykkar)







Chart (Preview) (Graf – forskoðun)

Smellið á [click here](#) til að forskoða og breyta grafinu.




Velkomin(n) í gagnvirk gröf
Auðveldaðu þér að greina mynstur og leitni í gögnum þínum með því að setja inn gagnvirk graf.

Group (Hópur)





Automatic (Sjálfvirkt)

Smellið á **Group Type** (Tegund hóps)



Hér er hægt að velja um hvernig sýningin birtist:

- Automatic (Sjálfvirkt)
- Stack (Stafli)
- Grid (Hnitnet)
- Slideshow (Skyggusýning)
- Comparison (Samanburður)



Remix (Endurhanna)

Smellið nokkrum sinnum á **Remix** (Endurhanna) og sjáið hvernig útlitið á skjalinu breytist.

Remix!

Design (Hönnun)

Gefið Sway-skjalinu persónulegan svip með því að velja lit, leturgerðir og áferð.



Navigation (Yfirlit)

Veljið hvernig fletta á skjalinu í vefskoðara.

1. Lóðrétt fletting
2. Lárétt fletting
3. Fínstillt fyrir kynningu

